

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Öndverðarnes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að svæði fyrir frístundabyggð í landi Öndverðarness breytist í opið svæði til sérstakra nota (stækkun golfvallar, útivist og tjaldstæði). Við Hvítá breytist landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, Búðarstígur 4.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að lóð við Búðarstíg 4 breytist úr svæði fyrir opinberar stofnanir í svæði með blandaðri landnotkun (verslun- og þjónusta og íbúðarsvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*